

reikning Vélstjórafélags Íslands og afrit af uppgjöri frá Krossvík h/f.

Stefndi mætti ekki á þinginu og enginn af hans hálfu, og er honum þó löglega stefnt.

Málatilbúnaði stefnanda þykir í engu áfátt, og ber því að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum skv. 118. gr. laga nr. 85/1936. Ber að dæma stefnda til að greiða stefnukröfurnar svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 79.000.

Stefnandi á sjóveðrétt í b/v Ver, Ak 200, til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Dómsorð:

Stefndi, Valdimar Indriðason f. h. Krossvíkur h/f, greiði stefnanda, Finni Torfa Stefánssyni héraðsdómslögmanni f. h. Jóhanns Kristjánssonar, kr. 734.649 auk 13% vaxta frá 1. mars 1976 til greiðsludags og kr. 79.000 í málskostnað.

Stefnandi á sjóveðrétt í b/v Ver, Ak 200, til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 1. mars 1979.

Nr. 19/1977. **Krossvík h/f**

(Benedikt Sveinsson hrl.)

gegn

Sigurði Arnari Aðalsteinssyni

(Logi Guðbrandsson hrl.).

Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Björgvin Bjarnason bæjarfógeti hefur kveðið upp hinn

áfrýjaða dóm ásamt meðdómsmönnum Pálma Sveinssyni skipstjóra og Tryggva Björnssyni skrifstofustjóra.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 2. febrúar 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. janúar s. á. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda. Til vara krefst hann hann þess, að kröfur stefnda verði lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en því, að hann fellur frá kröfu sinni um sjóveðrétt í b/v Ver, AK 200, til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Í áfrýjunarstefnu lýsir áfrýjandi dómkröfum sínum svo, að hann muni fyrir Hæstarétti „krefjast þess, að hinum áfrýjaða dómi verði með eða án heimvísunar og með eða án nýrra gagna, varna, málsástæðna og krafna hrundið og breytt á þá leið, að allar kröfur hans fyrir Hæstarétti verði teknar til greina og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir Hæstarétti eftir mati réttarins“. Með hinum tilvitnuðu orðum er ekki nægilega greint, í hvaða skyni áfrýjað sé og hverjar séu dómkröfur áfrýjanda. Áfrýjunarstefnan fullnægir því ekki fyrirmælum 3. tl. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 75/1973. Þá er greinargerð áfrýjanda eigi svo úr garði gerð sem áskilið er í 44. gr. nefndra laga. Ber af þessum sökum að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Krossvík h/f, greiði stefnda, Sigurði Arnari Aðalsteinssyni, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Akraness 14. september 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. september sl., er höfðað fyrir sjó- og verslunardómi með stefnu, útgefinni 24. júní 1976, af

Finni Torfa Stefánssyni héraðsdómslögmanni f. h. Sigurðar Arnars Aðalsteinssonar, Skólagerði 29, Kópavogi, gegn Valdimar Indriðasyni framkvæmdastjóra, Háteigi 14, Akranesi f. h. Krossvíkur h/f, Akranesi, vegna b/v Vers, Ak 200, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 781.414 auk 13% vaxta frá 1. mars 1976 til greiðsludags og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefnandi segir kröfu þessa vera vegna þess, að honum hafi skyndilega og án löglegs fyrirvara verið sagt upp störfum frá og með 1. apríl 1976, en hann hafi verið starfandi á b/v Ver, Ak 200. Hann segir, að lögum samkvæmt eigi hann rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti, og byggir bótakröfuna á því, en upphæðin sé skv. útreikningi stéttarfélags hans. Einnig hefur stefnandi krafist sjóveðs í b/v Ver, Ak 200.

Stefnandi hefur lagt fram ljósrit af innheimtubréfi, launaútreikning Vélstjórafélags Íslands og uppgjörsnótur frá stefnda.

Stefndi mætti ekki á þinginu og enginn af hans hálfu, og er honum þó löglega stefnt.

Málatilbúnaði stefnanda þykir í engu áfátt, og ber því að dæma málið eftir 118. gr. laga nr. 85/1936. Ber að dæma stefnda til að greiða stefnukröfurnar og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 83.700.

Stefnandi á sjóveðrétt í b/v Ver, Ak 200, til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Dómsorð:

Stefndi, Valdimar Indriðason f. h. Krossvíkur h/f, greiði stefnanda, Finni Torfa Stefánssyni héraðsdómslögmanni f. h. Sigurðar Arnars Aðalsteinssonar, kr. 781.414 auk 13% vaxta frá 1. mars 1976 til greiðsludags og kr. 83.700 í málskostnað. Stefnandi á sjóveðrétt í b/v Ver, Ak 200, til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum. Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.